

### SONVR JARÐAR

---

Einn daginn héldu Vilji og Vé í suðurátt og stönsuðu ekki fyrr en þeir komu að ströndinni. Þeir sáu að handan við hafið mikla logaði eldurinn í Múspellsheimi og hitinn sem barst frá honum var næstum því óþolandi.

– Ekki trúi ég að nokkur sála búi í þessum skelfilega heimi, sagði Vé.

– Þar er ég hrædd um að þér skjátlist, heyrðist ráam raust segja að baki þeirra. Þeir litu við og sáu skorpna kerlingu með fangið fullt af laufblöðum.

– Hvað veist þú um þennan heim? spurði Vilji.

– Ég veit mínu viti enda spái ég í himintunglin og les laufblöðin, einkum þegar þau visna, svaraði kerla.

– Og hverjir heldurðu þá að séu þarna? spurði Vé.

– Eldþursarnir, Múspellssynir. Hafið þið aldrei heyrt minnst á Surt?

Bræðurnir hristu höfuð.

– Hann er útvörður, gætir þess að enginn komi inn í landið. Eins og einhvern langi nú í þennan skelfilega hita.

– Satt segirðu og sjálfsagt eru þeir best geymdir þarna, langt frá okkur hinum, sagði Vé.

Þá brosti völvan raunalega.

– Sú stund rennur að þeir koma siglandi á Naglfari og eyða öllu sem fyrir þeim verður.

– Naglfari? Vilji varð eins og spurningarmerki.

– Skipinu sem þeir eru að smíða. Það er gert úr nöglum af dauðum mönnum sem hafa ekki verið snyrtir eftir andlátið. Múspellssynir munu ganga í lið með ógnaröflum sem eyða heiminum einhvern tímann í framtíðinni.

Eftirfarandi spurningum er hægt að svara munnlega, skriflega, einn síns liðs eða í samvinnu með öðrum.

Hvað hét heimurinn í suðri? \_\_\_\_\_

Hvernig gat kerlingin vitað eitthvað um þennan heim? \_\_\_\_\_

Hvaða hlutverk hafði Surtur? \_\_\_\_\_

Hvernig þursar voru Múspellssynir? \_\_\_\_\_

Hvað hét skip Múspellssona og úr hverju var það búið til? \_\_\_\_\_

Hvað ætluðu þeir sér að gera einhvern tímann í framtíðinni? \_\_\_\_\_